

LISTIR

BÓKMENNTIR

Ljóðabók

OG HUGLEIÐA STEINA

eftir Sigfús Daðason. Þorsteinn Þorsteinsson
bjó bókina til útgáfu. Myndskreytingar: Arn-
gunnur Ýr. Oddi prentaði. Forlagið – 71 síða.

SIGFÚS Daðason fyllti ekki margar bæk-
ur með ljóðum um dagana heldur lagði
áherslu á að vanda sitt verk. Og hugleiða
steina, síðasta ljóðabók hans, er sjötta ljóða-
bókin ef undan er skilið safnið Ljóð (1980).
Provence í endursýn (1992) virðist að ósekju
hafa farið fram hjá mörgum lesendum. Hún
og Og hugleiða steina eiga margt sameigin-
legt, en eru langt frá því að vera sama bókin.

Torlesin ljóð og bein

Sigfús gat verið mjög torlesin skáld og
lært, en inni á milli hjá honum eru ljóð sem
höfða beint til lesandans, eru á einföldu
máli og oft bundin einni skýrri mynd. Í Og
hugleiða steina eru ljóð af þessu tagi, sum
afar heillandi. Meðal þeirra eru upphafsljóð-
ið um Gömlu-Höfn í Marseille þar sem ug-
gurinn er hrakinn á brott og óbyrjað ár, óvit-
uð gleði taka við. En kannski á þetta best
við um lokaljóð bókarrinnar sem líklega er
síðasta ljóðið sem Sigfús orti:

FERÐADIST þá loksins
langsóttan
óvissan veg.
Og til þess aðeins
að fá að hitta á ný
alskinandi
apríl-lauf.

Undirritaður og fleiri hafa lagt áherslu á

Eigin minning steinanna

að Sigfús Daðason hafi verið
heimspekilegt skáld. Það var
hann vissulega. En hann var líka
þjóðfélagskóðandi í ljóðum sín-
um og stundum heimsósóma-
skáld sem slíkur. Um þetta má
finna fleiri en eitt dæmi í Og
hugleiða steina. Óþol eða of-
næmi fyrir ýmsu í samtímanum
varð áberandi hjá Sigfúsi þegar
á leið. Þetta getur birst í yfirlýs-
ingu af þessu tagi:

Í BLÓÐUNUM okkar
sem við lesum daglega
er nú varla nema um tvennt að velja:
vitleysu eða óþverra.

Þegar ádrepuþálinn var á
Sigfúsi gat hann orðið stíðdórður og jafnvel
uppskrúfaður. Annar og þriðji hluti nýju
bókarrinnar vitna um þetta og líka hinar
bækurnar frá og með Höndum og orðum
(1959). En ekki verður þó sagt að þetta
hafi lýtt ljóðagerð hans að ráði. Með nýjum
viðfangsefnum og nýjum tókum færði Sig-
fús út landamærin og stundum hjálpaði
hálfkæringurinn og tvísæið honum verulega.



Sigfús
Daðason

Það er varla von að skáld á
borð við Sigfús Daðason sem
var að eðlisfari mjög gagnrýn-
inn geti ort tóm „hjartásnis-
ljóð“.

Í öðrum hluta yrkir Sigfús
svo:

Ellegar þá
svo afmarkaðra dæmi sé haldið til haga:
þrýðilegt borgar-garðshorn
sem ég eignaði mér forðum
en glataði síðan af tömu hirðuleysi
eða bévitans ekkisen kergju.

Í Myndsálum í þriðja hluta
standa þessi orð:

Eitthvurt murrandi aðstöðakvikindi þá
að spreyta sig að kveða að óalgengum orðum.
Og myrk og afskræmd gríma
geiflar sig framan í morgunsárið.
Pau munu hafa að háði þá vitringa
sem efnuðu í skipuleg stórrit
með persónulegu yfirbragði
og persónulausum skoðunum:
um flugur og maura og margsaga spjöll.

Undirstöður

Sigfús var skáld sem byggði mjög á
undirstöðum í bókmenntum, einkum hinu
latneska og rómanska, en líka þýska.
Tilvitnanir þýðir hann sjaldan og inni í
ljóðum eru á stöku stað glósur sem öllum
er ekki gefið að skilja. Þess vegna m.a. er
fengur í Athugasemdum og skýringum
Þorsteins Þorsteinssonar í bókarklok en hann
skrifar líka sérstaklega um útgáfuna.

Skýringar Þorsteins leiða í ljós hve
strangur Sigfús var við sjálfan sig, en þær
eru líka til marks um að skáldskapur Sigfúsar
var í deiglu. Þótt ýmislegt í bókinni bergmáli
áður ort ljóð og yrkisefni, er stefnt lengra
en áður. Nefna má sem skemmtilegt dæmi
um þetta að bókarrheitið Og hugleiða steina
er úr ófullgerðu ljóði sem ekki birtist í
bókinni. Einkunnarorð bókarrinnar eru aftur
á móti frá Frakknum Roger Caillois:

„Steinarnir geyma einungis eigin minningu.“
Athugasemd frá 1988 sem Þorsteinn segir
að líta megi á sem stefnuskrá bókarrinnar
talar um að stefna að í senn einföldum ljóðum
og einkalegum og ljóðum um söguna og
heiminn og örlög og heimsíma. Það er rétt
hjá Þorsteini að við bætist nýr tónn,
kveðjúljóð skálds sem komið er á efri ár.

Ástæðulaust er að lesa heimsósómaljóð
Sigfúsar með einum saman luntasvip, en
stuttu ljóðin þar sem hann vegsamar lífið
þrátt fyrir allt (Krebs og aðra) og þakkar
„litlu greiðana“, finnur sér athvarf í
alskinandi apríl-laufi, hljóma sterkast og
gera Og hugleiða steina að kærkominni bók.
Ekki get ég látið hjá líða að drepa á
smámyndir Arngunnar Ýrar sem fara
einkar vel við ljóðin.

Jóhann Hjálmarsson

Örverkasýning

MYNDLIST

Listasafn ASÍ

MYNDVERK
ÓÐURINN TIL SAUÐ-
KINDARINNAR
42 FÉLAGSMENN FÍM OG
6 GESTIR

Opið þriðjudaga til föstudaga kl.
14–18. Til 15. nóvember. Aðgangur
200 krónur.

ÞAÐ er ánægjulegt að verða var
við lífsmark hjá Félaga íslenzkra
myndlistarmanna hvað sameigin-
legt sýningarhald snertir, en haust-
sýningar félagsins hafa legið niðri
um árabli. Missu flugið fyrir lítt
skiljanlegan klaufadóm og metnað-
arleysi er best lét á áttunda ára-
tugnum, og fór þar mikil og óeigin-
gjörn vinna til uppbyggingar fyrir
lítið. Þótt haldið væri áfram undir
ýmsum formerkjum var allur merg-
ur úr þeim fyrir 8 árum, lögbúst
þá af. Trúlega er orsökina helst að
finna í því, að hételendum myndlist-
armönnum virðist ósýnna um að
setja sér markaðar reglur og starfa
hlutlægt að hagsmunum heildarinnar
en nágrannaþjóðum okkar.
Myndast jafnan harður kjarni í fé-
lagssamtökum þeirra sem hafinn
er yfir lög og reglur, telur félögin
drögu fyrir eigin frama. Standa svo
helst ekki skil á félagsgjöldum
nema þegar þeir hafa beinan og
áþreifanlegan hag af því, sem
lengstum hefur verið svartur blettur
og dragbítur á starfsemi FÍM og
SÍM.

Haustsýningarnar veittu um ára-
bil vaxandi innsýn í það sem var
að gerast í framsækinni list á höfuð-
borgarsvæðinu, en hefðu þær staðið
fullkomlega undir nafni hefði sitt-
hvað orðið að fljóta með sem síður
fékk náð fyrir augum sýningar-
nefnda tímanna. Samtímalist er ein-
faldlega það ferskasta sem er að
gerast hjá menntuðum og sjálf-
menntuðum listamönnum, en hins
vegar drögu haustsýningarnar hér
lengstum dóm af sýningum mjög
afmarkaðra listhópa á Norðurlönd-
um.

Það er þó ekki einungis hér á
landi sem styr hefur verið um fram-



TÁKN sýningarinnar; „Óðurinn til sauðkindarinnar“.

kvæmd haustsýninga, þær víða sett
ofan, þótt ekki komi til tals að
leggja þær niður. Í Ósló hefur Stat-
ens Höstudstilling haldið velli síðan
1885 (!) og hefur lengstum verið
aðalviðburður ársins á myndlistar-
sviði, búhnykkur fyrir marga og
uppörvun þeim sem sérstaka at-
hygli vekja hverju sinni. Svo til all-
ir markverðir norskir listamenn frá
Edvard Munch til dagsins í dag
hafa þeytt frumraun sína á henni
og það þykir drjúgur áfangi á list-
ferli hvers manns að fá verk tekið
inn. Viðkomandi er þá kominn á
blað! Framkvæmdin hefur þannig
mjög mikla þýðingu fyrir marga,
ekki síst hina ungu og óþekktu, og
skal þess getið að í ár sendu 2.204
listamenn verk til dómnefndar, sem
öll voru skoðuð og u.þ.b. 10–20%
fiskuð úr kraðakinu. Hlutverk sýn-
ingarinnar er öðru fremur að skýra
línumar í myndlistarlandslaginu og
kynna það sem efst er á baugi,
hvað sem það nú er frá ári til árs.
Hún hefur skiljanlega verið elskuð
og hötuð meðal listamanna í meira
en heila öld en ávallt hlótið mikla
aðsókn, þannig borguðu 60.000
manns inn á hana 1995, sem var
met. Var svipuð aðsókn og allt árið
á Samtímalistasafnið með öllum
sínun miðstýrðu og fjarstýrðu sér-
sýningum á jarðhæð fyrrum Nor-
egsbanka í miðbænum. Uppi hanga
svo jafnan verk úr eigu safnsins frá

stríðslokum 1945 til dagsins í dag.

Að ekki skuli vera til neitt sam-
bærilegt hér í borg þrengir mjög
að möguleikum starfandi myndlist-
armanna, einkum af yngri kynslóð,
en eykur hins vegar áhrif miðstýr-
ingarafla og sérhagsmunahópa,
sem telja að sér vegið með slíkum
framkvæmdum þar sem þeir eru
ekki einráðir.

Ekki skilja allir mikilvægi þess
að halda í erfðavenjuna í ljósi vin-
sælda sýningarinnar í Ósló, einkum
svonefnt núlistafolk og framagjarn-
ir óþrútnir listsögufraðingar og
sýningarstjórar sem alfarið vilja
leggja hana undir sitt áhrifasvið
sem einmitt hefur valdið árvissum
og heiftarlegum deilum. Vert er að
menn taki eftir nafni sýningarinnar,
Statens Höstudstilling, en hún
er á vegum norska ríkisins og því
þykir mörgum sem lýðræði og hest-
lægni eigi að gilda, og ennþá er
framkvæmd hennar í höndum lista-
félaganna, þ.e. málara, mynd-
höggvara, grafíklistamanna, textil-
listamanna og fulltrúa annarra
miðla svo sem innsetninga ljós-
mynda, gjörninga, myndbanda og
tölva.

Væri ekki ónýtt að virkja hér
fulltrúa allra þessara miðla að
Kjarvalsstöðum í framtíðinni, helst
árlega...

Það sem virðist hafa farið fram-
hjá hinu framkvæmdaglaða fólki í

FÍM, er því miður hið rétta eðli
haustsýninga, sem er síst af öllu
miðstýring afmarkaðra myndefna
til listamanna né yfirhöfuð að hafa
afskipti af stærðum þeirra og fram-
setningu. Það er einmitt að binda
hendur manna sem er í þversögn
við tilgang opinna sýninga, þótt það
tíðkist á hinum stóru tvíæringum
að ganga út frá einu heildarþema.
Allt önnur hugsun er að baki Haust-
sýninga, sem úreldest ekki meðan
vel gengur, en hins vegar er það
öllu lakara ef sýningar vekja ekki
viðbrögð, hætta að koma fólki við.

Set þetta fram hér vegna þess
að í sjálfu sér er framkvæmdin full-
gild, sauðkindin á allt gott skilið,
en ber engan svip af haustsýningum
eins og við þekkjum til þeirra á
Norðurlöndum né árvissrar úttekta
listasambanda víða um lönd.

Það er með því heilbrigðara að
takmarka sig við eitthvað tíma-
bundið, einfalda hlutina t.d. fara
úr stórum stærðum í litlar og sterk-
um litum í veik blæbrigði, eða víxla
myndefnum, og draga flestir lærdóm
af. Sú aðflutta árátta að vinna
í stórum stærðum stærðanna
vegna, hentar ekki öllum frekar en
það henti öllum að vinna í örmynd-
um, sem kemur vel fram á sýning-
unni, hins vegar virðast fleiri hafa
haft gott af því. Tekist hefur að
koma fyrir miklum fjölda mynd-
verka, eða 200, án þess að sérlega
þröngt sé um þær og er vel af sér
vikið. Er fróðlegt að sjá hvernig
gerendur fara að myndefnunum,
lausnirnar á köflum hugvitssamlegar
stundum glettnar og spöskar.
Er auðsýjanlegt að gengið hefur
verið til verks af fullri alvöru og
drjúgum metnaði.

Fagmannlega er staðið að umbúð-
um framkvæmdarinnar, sýning-
arskráin vel hönnuð, væri ekki ónýtt
að eiga slíka heimild um allar gömlu
haustsýningarnar. Hins vegar er
nokkurt ósamræmi í vali ljósmynda
af þáttakendum, sem eru fullungleg-
ir á þeim margir hverjir og hér hefði
nokkurrar miðstýringar verið þörf.

Meginmáli skiptir að hér er af
stað farið og vonandi markar þetta
upphafið eð einhverju stærra og
metnaðarfyllra.

Bragi Ásgeirsson

Nýjar bækur

● LJÓSMYNDABÓKIN *Ammassalik – A Jewel in the Arctic Crown* hefur að geyma 160 ljós-
myndir Kristjáns



Kristján
Friðriksson

Fríðrikssonar frá
Ammassalik
svæðinu og
Ammassalimm-
iut samfélaginu á
Austurströnd
Grænlands, sem
ekki fannst fyrr
en árið 1884 og
er talið það sam-
félag í heiminum sem stýst er frá
því að fundið var.

Kristján Friðriksson hefur á
undanförnum tveimur árum ferð-
ast víða á Ammassalik svæðinu
og dvalið á meðal Ammassalimm-
iut fólksins. Í bókinni er að finna
ljósmyndir frá öllum þorpum á
svæðinu sem og óbyggðum og sýna
myndirnar allar árstíðir.
um og djúpum skilningi á samfé-
lagi okkar og náttúru sýnir Krist-
ján Friðriksson Ammassalik svæð-
ið á þann hátt sem engum hefur
áður tekið. Þannig kemst Anders
Andreassen, þingmaður Amm-
assalik svæðisins á Grænlandi og
forseti grænlandska landsþingsins,
að orði í inngangi sínum að bók-
inni.

Bókin er 132 blaðsíður að stærð,
í brotinu 21×23 cm. Ítarlegur inn-
gangur er á ensku um Ammassa-
lik svæðið, samfélagið og sögu
þess. Bókin er prentuð hjá Svans-
prenti og er hún fánæg bæði inn-
bundin og í harðspjaldi. Útgefandi
er Location Greenland–Iceland.

● ÆVINTÝRI nálfanna –
Flóttinn er ævintýrasaga fyrir
börn eftir Terry Pratchett í
þýðingu Þorgerðar Jörunds dóttur.

Púsundir örmárra nálfra búa
milli gólfboorðanna í stórmarkaði
A. Arnalds. Dag nokkurn er ör-
yggi þeirra ógnað – það á að rífa
verslunina. Eftir miklar vanga-
veltur kemur þeim loks ráð í hug
til að bjarga hópnum og flóttinn
verður ævintýralegur.

Terry Pratchett er breskur höf-
undur, þekktur víða um heim fyr-
ir vísindaskáldsögur og
barnabækur.

Útgefandi er Máli og menningu.
Bókina sem er 201 blaðsíða,
prentuð í Svíþjóð og kostar 1.390
krónur.